







Skoðaðu vel þennan lista af verkefnum. Verkefnin eru flokkuð í 6 flokka og hver flokkur gefur mismunandi stig. Þú átt að velja verkefni úr hverjum flokki og allir eiga að skila 30 stigum í lok annar. Þú verður að skila 4 verkefnum úr flokkunum *Ég veit* og *Ég skil*, 3 verkefnum úr *Ég get* og *Ég rannsaka* og 2 verkefnum úr *Ég skapa* og *Mér finnst*. Alls eru þetta 18 stig en þú mátt velja önnur verkefni sem vekja áhuga þinn til að ná 30 stigum.

Flokkur	Verkefni	Stigin
<p><i>Ég veit</i> 1 stig</p> 	<ul style="list-style-type: none"><li>• Búðu til tímaás fyrir söguna.</li><li>• Veldu eitt atvik í sögunni og reyndu að yrkja ljóð sem lýsir því.</li><li>• Lýstu útliti einnar persónu í sögunni.</li><li>• Gerðu lista yfir allar helstu persónur sögunnar.</li><li>• Skrifaðu upp nokkrar staðreyndir sem greint er frá í sögunni.</li><li>• Teiknaðu einn hlut sem gegnir mikilvægu hlutverki í sögunni.</li></ul>	
<p><i>Ég skil</i> 1 stig</p> 	<ul style="list-style-type: none"><li>• Búðu til stutta myndasögu.</li><li>• Endursegðu söguna með þínum orðum.</li><li>• Teiknaðu mynd af einum atburði í sögunni.</li><li>• Gerðu myndabók sem lýsir tilfinningum einnar persónu í sögunni.</li><li>• Segðu frá því hvað sagan fjallar um.</li><li>• Búðu til símtal sem gæti hafa átt sér stað milli tveggja persóna í sögunni.</li><li>• Berðu saman viðhorf ólíkra persóna til atburðar í sögunni.</li></ul>	



Flokkur	Verkefni	Stigin
Ég get 2 stig 	<ul style="list-style-type: none"><li>• Hannaðu prívíddarlíkan sem lýsir einum atburði úr sögunni.</li><li>• Gerðu þraut sem tengist einni persónu eða atburði úr sögunni.</li><li>• Búðu til dúkkulísu og hannaðu föt á hana.</li><li>• Málaðu mynd sem tengist sögunni.</li><li>• Safnaðu úrklippum úr blöðum sem gætu tengst bókinni.</li><li>• Gerðu úrklippubók úr úrklippusafninu þínu. Færðu rök fyrir vali þínu á myndum og hvernig þær tengjast efni bókarinnar.</li><li>• Gerðu sögukort fyrir aðra sem vilja lesa bókina.</li><li>• Kynntu þér matarvenjur frá þeim tíma sem sagan gerist. Skipuleggðu matarborð.</li></ul>	
Ég rannsaka 2 stig 	<ul style="list-style-type: none"><li>• Gerðu auglýsingu þar sem þú ert að bjóða ferð á slóðir sögunnar.</li><li>• Skipulegðu ferð á slóðir sögunnar. Farið er þrjú hundruð ár aftur í tímann.</li><li>• Gerðu mynd af atburði sem hefur áhrif á gang sögunnar og búðu til púsluspil úr henni.</li><li>• Búðu til fjölskylduvef til að sýna tengsl persóna sögunnar.</li><li>• Skrifaðu um höfundinn.</li><li>• Skrifaðu ævisögu einnar persónunnar í sögunni.</li><li>• Þú ert blaðamaður og tekur viðtal við eina persónu sögunnar. Hvaða spurninga myndir þú spyrja?</li><li>• Gerðu nýjan endi á söguna.</li><li>• Gerðu spennulínurit fyrir söguna.</li></ul>	



Flokkur	Verkefni	Stigin
Ég skapa 4 stig 	<ul style="list-style-type: none"><li>• Búðu til farartæki sem kæmi einni persónu sögunnar að gagni.</li><li>• Gerðu tónverk við söguna. Þú getur hljóðritað það eða spilað það fyrir áheyrendahóp.</li><li>• Veldu fimm lög sem þú heldur að gætu orðið upphaldslög einnar persónu sögunnar. Útskýrðu hvers vegna þú valdir þessi lög. Þú getur afritað lögin á disk eða snældu.</li><li>• Það á að kvikmynda söguna. Hannaðu veggspjald eða kápu á myndbandsspóluna.</li><li>• Skrifaðu bréf til ritstjóra blaðs þar sem þú fjallar um mál sem greint er frá í sögunni. Kynntu þér bréf til ritstjóra í blöðum.</li><li>• Gerðu heimasíðu fyrir eina persónu sögunnar.</li><li>• Búðu til dans sem túlkar atvik í sögunni.</li></ul>	
Mér finnst 4 stig 	<ul style="list-style-type: none"><li>• Settu þig í spor aðalpersónu sögunnar. Hvað myndir þú gera í hennar sporum?</li><li>• Þú ert að búa þig undir ræðukeppni um efni sögunnar. Semdu ræðu fyrir þig og andstæðinginn (með og á móti).</li></ul>	
	<b>Heildarstig</b>	